

Aðgerðaráætlun í eineltismálum eða samskiptavanda

Komi upp einelti er fyrirbyggjandi **aðgerðaráætlun** þar sem skilgreind eru ýmis úrræði sem hægt er að styðjast við. Eineltismál geta verið ólík innbyrðis og þarf þá að veða og meta hverju sinni hvaða leið sé vænleg til árangurs. Nokkrum meginreglum er þó alltaf fylgt.

1. Vitneskja berst um einelti til starfsfólks skólans frá nemanda, foreldri eða öðrum. Málinu er vísað til umsjónarkennara og/eða eineltisteymis sem er skipað deildarstjórum stiga, aðstoðarskólalastjóra og námsráðgjafa. Ávallt skal gæta trúnaðar við meðferð mála.
2. Ef grunur er um einelti eru upplýsingarnar skráðar og leitað frekari upplýsinga frá starfsfólki skólans.
3. Tekin eru viðtöl við viðkomandi börn ef um einelti er að ræða. Fyrst er foreldrum kynnt staðan og boðið að sitja með barni sínu í þeim viðtölum. Það er mjög mikilvægt að foreldrar komi strax að málinu og aðstoði við úrlausnir.
4. Foreldrum viðkomandi barna boðið að setjast saman á lausnarfund með eineltisteymi skólans ef þurfa þykir.
5. Unnið er úr upplýsingum og þeim komið til kennara og starfsfólks skólans sem koma að viðkomandi nemendum. Gera þarf áætlun í samráði við umsjónarkennara um hvernig tekið verði á málinu í bekknum/skólanum.
6. Málinu er fylgt eftir með reglulegum viðtölum þar til sýnt er að eineltið er ekki lengur fyrir hendi. Haft er reglulegt samband við foreldra svo þeir geti fylgst með gangi mála.
7. Allar upplýsingar og allt sem gert er skal skrá jafn óðum þannig að allt ferlið sé skráð og geymt í trúnaðarmöppu hjá eineltisteyminu.
8. Ef ekki gengur að uppræta eineltið innan skólans þá er málinu vísað til Nemendaverndarráðs sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Það sem þarf að hafa í huga þegar unnið er með eineltismál:

- Tryggja þarf öryggi þolanda og afla góðra upplýsinga um málið eins fljótt og hægt er. Ekki á að ræða við þolanda í viðurvist annarra barna og varast skal að gefa gerendum kost á að hópa sig saman í varnarstöðu.
- Leita skal eftir upplýsingum frá öðru starfsfólki skólans og foreldrum; hvar, hvenær, hvernig og hver/hverjir áttu hlut að máli.

- Foreldrum þolanda er boðið með barninu í fyrsta viðtal.
- Þolandi og foreldrar hans eiga að fá stuðning. Þolandinn á að fá að vita að eineltið sé ekki honum að kenna.
- Árangursríkast er að tala við gerendur einn og einn í senn ásamt foreldrum barnsins sem er boðið með í viðtalið.
- Þegar talað er við gerendur á að gera þeim ljóst að þeir verði að hætta eineltinu. Sá sem ræðir við gerendur á að sýna þeim kurteisi, varast skammir en ganga út frá því að þeir bæti ráð sitt.
- Það er mikilvægt að ná góðu samstarfi við foreldra gerenda. Gera skal ráð fyrir að foreldrarnir vilji ekki að barn þeirra leggi aðra í einelti. Foreldrar eiga oft erfitt með að trúa að barn þeirra hagi sér þannig.
- Þegar nemandi leitar hjálpar vegna eineltis eða ofbeldis verður að koma í veg fyrir að hann verði fyrir hefndaraðgerðum frá gerendum.